

**45. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu
38, þriðjudaginn 25. janúar 2022
og hófst hann kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA) og Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

--

Nancy Rut Helgadóttir, Birna Hannesdóttir, Ágústa Ósk Aronsdóttir og Guðný Lilja Pálsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Skólastefna innleiðing - 2201049

Farið yfir stöðu mála vegna innleiðingar skólastefnu Tálknafjarðarhrepps.

Umfjöllun verður haldið áfram á næsta fundi nefndarinnar sem mun fara fram í Tálknafjarðarskóla.

2. Leikskóli skólaárið 2022-2023 - 2201050

Starfsemi leikskóla á skólaárinu 2022-2023.

Rætt. Starfsemi leikskóla verður aftur á dagskrá nefndarinnar á fundi þegar líður nær vori.

3. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022 - 2108095

Skólastjóri lagði fram minnisblað varðandi ýmis verkefni Tálknafjarðarskóla.

Lagt fram og rætt.

Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefnd óskar starfsfólki og nemendum Tálknafjarðarskóla til hamingju með að skólinn hafi í október á síðasta ári verið samþykktur sem áttundi skólinn á Íslandi í alþjóðlegu neti skóla undir merkjum Unesco.

Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefnd tekur undir þakkir skólastjóra til starfsfólks Tálknafjarðarskóla fyrir að leysa mál og vinna vel saman í fjarveru skólastjóra vegna veikinda í desember á síðasta ári.

4. Skýrsla Vinnueftirlitsins Tálknafjarðarskóli - 2111276

Skýrsla Vinnueftirlitsins vegna Tálknafjarðarskóla dags. 19.10.2021.

Lagt fram.

5. Innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna - 2109003

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30.08.2021 varðandi innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Lagt fram.

6. Ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál - 2111250

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 02.11.2021 varðandi ályktun bæjarráðs Árborgar um leikskólamál.

Lagt fram.

7. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva á Vestfjörðum - 2201048

Íþrótt- og tómstundafulltrúi lagði fram starfsáætlun félagsmiðstöðva á Tálknafirði og í Vesturbyggð vorið 2022 og fór sérstaklega yfir sameiginlega viðburði sem eru framundan.

Lagt fram.

Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulefnd þakkar íþrótt- og tómstundafulltrúa góða yfirferð.

8. Vinnuskóli 2021 - 2103144

Yfirlit vegna verkefna vinnuskóla sumarið 2021.

Lagt fram.

9. Samstarf vegna hjólaferða hringinn um Vestfirði - 2201018

Kynning frá Cycling Westfjords dags. 10.01.2022 vegna hjólaferða um Vestfirði og Dalina.

Lagt fram.

10. Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2022 - 2112050

Gjaldskrá Tálknafjarðarskóla 2022 lögð fram. Gjaldskráin var staðfest á 583. fundi Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.12.2021.

Vegna aðstæðna féll fundur Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar í desember 2022 niður og því náðist ekki að leggja gjaldsrkána fyrir nefndina áður en sveitarstjórn staðfesti hana.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Birna F Hannedóttir (BFH)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA)

Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP)